

## **Stjórnarfundur Prentsöguseturs 23.05 2019**

**Fundarstaður:** Prentsögusetur, Laugavegi 29, 101 Reykjavík

**Mætt:** Heimir, Svanur, Sófus, Katrín, Haukur Már og Þorsteinn

**Boðuð forföll:** Hjörtur

### **1. Stjórnarskipan** – Eftirfarandi stjórnarskipan var samþykkt:

Formaður: Heimir Brynjúlfur Jóhannsson

Varaformaður: Sófus Guðjónsson

Ritari: Katrín Jónsdóttir

Gjaldkeri: Svanur Jóhannesson

Meðstjórnandi: Hjörtur Guðnason

Varamenn: Haukur Már Haraldsson og Þorsteinn Veturliðason

Ákveðið var að Þorsteinn yrði vélamálaráðherra og Hjörtur myndi halda utan um skjalaskráningu.

Heimir og Haukur Már munu taka að sér textagerð varðandi setrið.

### **2. Farið yfir fjárhagsstöðu** – 2018 voru félagsmenn 130, þeim hefur fjölgað upp í 145 á þessu félagsári.

Af 145 eru 38 félagsmenn búnir að greiða félagsgjaldið. Styrktarbréf voru send á fyrirtæki á síðasta ári og 23 fyrirtæki styrktu setrið með greiðslum frá 3000 -70.000 þúsund krónur. Eitthvað hafa fyrirtæki þó misskilið og haldið að um eingreiðslu væri að ræða en ekki árlegan styrk eins og stóð í bréfi til fyrirtækjanna. Svanur er að vinna í því að hringja í styrktaraðila og því ekki ljóst hver staðan á því er.

Í sjóði voru 1.7 milljón um áramót, 688.000.- hefur farið í rekstur af því sem komið er af starfsárinu og hefur sá peningur aðallega farið í húsaleigu, 440.000.- og 228.000.- í standsetningu á setrinu.

**3. Geymsla á safnhlutum** – Þorsteinn hefur tekið saman hversu mikið af safnmunum þarf að koma í geymslu og hvar þeir eru staðsettir. Hlutir liggja víða og þykir honum nauðsynlegt að safna þeim saman á einn stað. Honum reiknast til að það þurfi ca. 100 fm húsnæði til að safna saman öllum þeim hlutum sem á að varðveita, það er nauðsynlegt að finna hlutunum varanlegri stað til geymslu. Það þarf að hafa hraðar hendur því nú þarf að tæma Rósarima sem hefur verið einn af geymslustöðunum. Þorsteinn sagði að hugsanlega væri hægt að semja við eigendur kassagerðarinnar um að geyma vélar, en það væri ekki varanlegt húsnæði því það væri búið að selja húsnæðið og ekki vitað um framhaldið. Hann kom með þá hugmynd að kaupa gám sem geymslu, gámar kosta ca. 300.000.- þúsund og þeir hafa ekki verið að falla í verði svo þar væri hugsanleg lausn, en hann vissi ekki hvar við ættum að geyma slíkan gám. Við getum

fengið að geyma gáminn okkur að kostnaðarlausu á gámasvæði en þar er ekkert rafmagn og það þykir því ekki hentugt. Katrín kom með hugmynd um að ræða við Grafíu um að fá land undir gáma í Miðdal. Hægt væri að útfæra þetta þannig að gámarnir myndu falla inn í umhverfið og hugsanlega væri hægt að glerja eina hlið svo eigendur sumarbústaða í Miðdal gætu notið þess að skoða gripi prentsögunnar. Hugmyndin um gámana lagðist vel í stjórn og myndaðist mikil umræða um málið. Einnig var rætt hversu mikið af hlutum hafi ekki verið heimtir sem hafa verið gefnir setrinu. Heimir minntist á að ekki væri hægt að taka við öllu og því þyrfti að vanda valið á þeim vélum sem yrði tekið við.

Samþykkt var að Þorsteinn myndi kanna stöðuna á áframhaldandi geymslu á vélum hjá kassagerðinni. Eins var samþykkt að hann myndi festa kaup á gám ef hann kæmist að þeirri niðurstöðu að það væri góður kostur.

**4. Opnun prentsöguseturs** – Árið 2020 eru 490 ár frá því að prentið hóf sögu sína á Íslandi og þykir því tilefni til að opna setrið á næsta ári. Gera þarf setrið klárt svo það verði sýningarhæft og stendur því til að safna saman þeim hlutum sem eiga að vera til sýnis, vinna að skráningu, textagerð og annarri standsetningu til að svo geti orðið.

Önnur mál voru ekki á dagskrá og fundi var slitið.